


HJÚKRUNARHEIMILI Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

APRÍL 2019



Stórkostlegt útsýni yfir Hornafjörð og Vatnajökul frá skjólgóðum suðursvölum við sameiginleg rými deilda



Afstöðumynd mkv. 1:500

Í tillögu okkar fyrir nýtt hjúkrunarheimili á Höfn viljum við ná fram þeim markmiðum sem sett voru fram í keppnislýsingu um byggingu sem nýtir vel hið einstaka umhverfi, myndar vistlegt heimili fyrir þá sem þar búa, góðan og hagkvæman vinnustað fyrir þá sem þar starfa sem býður gesti og aðstandendur velkomna til að taka þátt í lífi heimilismanna.

Lögð er áhersla á að byggingin sé hagkvæm í rekstri og viðhaldi, en enn frekar leitumst við við að tryggja hagkvæmar rekstarforsendur. Við hönnun og efnisval byggingarinnar er markmið okkar að framkvæmd, rekstur og viðhald byggingarinnar verð eins hagkvæmt og vístvænt og kostur er.

Meginhugmynd

Útsýni frá lóð er stórfenglegt, út á haf og vestur að skriðjökulum Vatnajökuls. Nýbyggingin er L-laga og lögð í mishæð í landinu og opnar arminn að útsýninu og sólinni.

Heimiliseiningarnar eru í L-laga nýbyggingunni, aðkoma og umferðarleiðir í núverandi lágbyggingu, sem er aðlöguð nýju hlutverki, og loks dagvistar- og stoðrymi í hluta núverandi hjúkrunarheimilis.

Suðurarmur nýbyggingar liggur með Víkurbraut, við bundna byggingarlínu og vesturarmur samhliða núverandi byggingum, en tekur á sig brot, sem vísar í fyrirhugaðar þjónustuíbúðir sunnan við lóðina og veitir herbergjum norðanmegin í arminum útsýni.

Skipulag byggingar

Aðkoma er frá Víkurbraut um skjólsælt aðkomutorg inn í núverandi suðurlágbyggingu. Nægilegt pláss er fyrir hjól og vagna í því aðkomurými. Komið er inn í tengibygginguna. Hún er nýtt sem bjart anddyri og tenging á milli hæða, með nýju vindfangi og nýjum stórum útsýnisglugga yfir stiga. Kverk nýbyggingarinnar tengist henni að sunnanverðu. Þaðan er gengið beint inn í samverurými tveggja eininga og íbúðirnar eru út frá þeim til suðurs og vesturs. Hægt er að opna milli samverurýmanna. Um anddyristigann er farið niður á jarðhæðina þar sem þriðja einingin er, en hver eining inniheldur tíu íbúðarherbergi.

Á inngangshæð eru íbúðareiningar beggja vegna gangs, en á jarðhæð einungis í útsýnisátt. Þannig er 25 af 30 íbúðareiningum, auk samverurýma, tryggt það stórfenglega útsýni sem býðst. Á sama tíma er byggingin ein hæð gagnvart Víkurbyggð og fellur vel að yfirbragði byggðarinnar.

Úr anddyri tengibyggingar er gengið í norður í dagvist, sal, kapellu og önnur dagvinnurými. Hægt er að loka dagvinnuálfmu á kvöldin. Eldhús er miðlægt nálægt inngangi. Kapella og líkhús eru norð-austanmegin, nærri inngangi, en útgangur með líkkistur er beint út úr líkhúsi inn á aðkomutorg.

Vistlegt heimili

Hver eining hefur yfirbragð íbúðar til að skapa heimilislegt yfirbragð. Hver eining hefur tíu rúmgóð einkarými. Hægt er að opna milli tveggja einkarýma til samnýtingar fyrir hjón.

Rúmgóðar svalir eru úr samverurýmum íbúða með góðu útsýni. Úr samverurými jarðhæðar og um enda ganga beggja hæða er gegnið beint út í garð sunnan byggingar. Afgirt útsvæði er vestast í garðinum og er útgengt frá gangenda jarðhæðar, en miðað er við að íverurými heilabílaðra séu þar á jarðhæð.

Góður og hagkvæmur vinnustaður starfsfólks

Vaktherbergi eru miðlæg í hverri einingu með góða yfirsýn til herbergja, yfir samverurými og útsvæði þeim tengd.

Hjúkrunarheimilinu er skipt í tvennt um anddyri þar sem sunnanmegin er allt sem krefst sólarhringsvaktar og norðanmegin er allt sem opið er á dagvinnutíma, þau svæði eru læsanleg frá anddyri á kvöldin. Næturvaktin er staðsett við anddyri, framan við sjúkraálfmu og með góða yfirsýn og aðgengi að öllum vistarverum.

Gott aðgengi gesta og aðstandenda

Heimilislegu yfirbragði íbúðanna er ætlað að laða að gesti og aðstandendur til heimsóknar og skapa aðstæður fyrir þá til að dvelja hjá sínu fólki. Bæði eru einkarýmin rúmgóð og með góðu

útsýni en einnig eru sameiginlegar stofur og smærri aðfrep til að taka á móti gestum, en gestir koma beint inn í samverurýmið. Hjúkrunarheimilið liggur ennfremur vel við almennum göngu-, hjóla- og akstursleiðum.

Skipulag lóðar

Nýbyggingin afmarkar aðkomutorg austantil og stóran garð sunnanmegin. Form byggingarinnar verndar fyrir norðan- og austanáttum og myndar skjólsæl útsvæði til suðurs og vesturs, þegar bjart er. Öllu yfirborðsvatni er beint í yfirborðsvelgi (rásir fyrir yfirborðsvatn) sem tengjast út í sjó.

Lóðin er hönnuð með útiveru og hreyfingu í huga. Aðgengi í afmarkaðan garð er úr öllum einingum og stutt í sameiginlegan garð þar sem boðið er upp á hvíldarsvæði í náttúrulegu umhverfi. Bekkjum er komið fyrir með stuttu og sýnilegu millibili.

Göngustígar á lóð tengjast aðlægum göngu- og hjólastígum bæjarins.

Bílastæði eru við Víkurbraut, samsíða götu.

Gert er ráð fyrir að stækka núverand sorp- og úrgangsflokkun Heilbrigðisstofnunarinnar og sameina sorp þar, en endurmeta mætti þá ákvörðun þegar fyrir liggur hvernig ónýttur hluti af núverandi Hjúkrunarheimili verði nýttur.

Vistvæni - almennt

Umhverfissjónarmið eru höfð að leiðarljósi við hönnun byggingar og lóðar og tekið mið af gæðakröfum BREEAM umhverfisvottunar (a.m.k. BREEAM - very good). Við hönnun er þess gætt að öll íverurými hafi góða dagsirtu og séu loftræst með opnanlegum gluggafögum.

Við efnisval er lögð áhersla á vottuð náttúruleg efni, utan sem innan. Að utan er byggingin klædd ómeðhöndlaðri lerkiklæðningu sem er endingargöð, viðhaldsfrí og endurnýtanleg. Í innskotum er valinn lakkaður harðviður úr FSC vottaðri ræktun. Áhersla er lögð á að yfirborðsefni, t.d. málning, lakk og viðarvörn, sé framleidd skv. vistvænum aðferðum og að ekki verði um mengandi uppgrufun innandyrar að ræða eða sitrun í jarðveg utandyra.

Heilsa og vellíðan

Dagslýsing er í flestum rýmum; stórir gluggar eru á einkarýmum og samvistarrýmum. Gluggar í þaki lýsa upp herbergjaganga ásamt gluggum við enda þeirra. Ljós verða birtu- eða tímastýrð auk handvirkar stjórnuar. Allur ljósabúnaður verður orkusparandi. Lýsingarstjórnunarkerfi eru miðuð við þarfir aldraðra og starfsmanna þar sem við á.

Hljóðvist er tryggð með hljóðdempandi vali á efnum í lofta- og veggjaklæðningum, innréttingum og húsgögnum.

Náttúruleg loftræsting er í íverurýmum og útsog er úr böðum. Í öllum einka- og sameiginlegum rýmum eru opnanleg fög til að nýta náttúrulega loftræstinu.

Forðast verður notkun rokgjarnra lím- og lakkefna (VOC). Það skilar sér í heilbrigðara innlofti, og minni loftræstipörf.

Efnisnotkun


Byggingin er að megninu til klædd lerkiklæðningu, helst íslenski, sem leyft er að veðrast í sílfurgráan með árunum. Til mótvægis við hana er klætt með þússuðum og lökkuðum harðvið í innskotum sem vísar í bátasmíði. Eftir því sem lerkíð gránar, mun klæðningamunurinn koma skýrar fram. Þak nýbyggingar er klætt grasi, en málmpak á tengibyggingu.

Burðarvirki er staðsteypt steinsteypa. Með burðarvirki teljast sökkjar, út- og innveggir. Þök eru límrétsvirki. Hönnunin er þó unnin með það fyrir augum að hægt sé að byggja húsið úr krosslímdum timbureiningum, CLT, ef verkefnið metur það hagkvæmara.


Linoleumdúkur er á gólfum íbúða og einkarýma þeirra og sömuleiðis á tengigöngum og sameiginlegum rýmum á inngangshæð. Vinyldúkur er á gólfum votryma, búningsherbergja og salerna.

Loft í sameiginlegum rýmum verða viðarklædd.

Lagnir verða huldar.



Inngangshæð mkv. 1:200




Jarðhæð mkv. 1:200

Helstu brúttóstærðir:

	Inngangshæð	Jarðhæð	Samtals
Núverandi bygging	470 m²	179 m²	649 m²
Nýbygging	1046 m²	555 m²	1601 m²
Samtals	1516 m²	734 m²	2250 m²

Flæði - möguleg lokun á milli byggingarluta eftir tíma dags




Einkarými mkv. 1:100

Tvö samtengd einkarými mkv. 1:100

Inngangshæð

Jarðhæð

Skýringarmynd - Afstaða og útsvæð






Skýringarmynd - Skuggavarp/jafndægur

Skýringarmynd - Skuggavarp/sumarsólstöður

Skýringarmynd - Mótun byggingar m.t.t. útsýnis

Skýringarmynd - Helstu vindáttir og skjólmyndun af byggingum



Skipulagsgrunnur mkv. 1:2000 Sýnd er afstaða til umhverfis og aðliggjandi bygginga auk aksturs- og gönguleiða




Horft frá suðvestri. Skjólsæll garður er tengdur við göngustíga svæðisins og býður upp á samskipti íbúa og vegfarenda




Bjart, rúmgott einkarými með útskotsgluggum sem undirstrika stórkostlegt útsýnið



Sameiginlegt rými deildar með einstöku útsýni og beinu útgengi á rúmgóðar suðursvalir




Útlit austur mkv. 1:200




Snið A-A mkv. 1:200




Útlit suður mkv. 1:200



Snið B-B mkv. 1:200



Útlit vestur mkv. 1:200



Útlit norður mkv. 1:200



Suðurhorn nýbyggingar frá Víkurbraut



Útsýni yfir Vatnajökul frá yfirbyggðu inngangssvæði



Aðkoma nýs hjúkrunarheimilis er skjólgóð og hlýleg

